

**Fundargerð háskólaráðs**  
**385. fundur fimmtudaginn 17. ágúst 2017 kl. 13:30**  
**Borgir, 262**

Rektor Eyjólfur Guðmundsson setti fund kl. 13:30.

Mættir voru auk hans:

Berglind Ósk Guðmundsdóttir fulltrúi nemenda  
Björn Ingimarsson fulltrúi menntamálaráðherra  
Brynhildur Pétursdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Finnbogi Jónsson fulltrúi háskólaráðs  
Hermína Gunnþórsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins  
Sigfríður Inga Karlsdóttir fulltrúi háskólasamfélagsins

Aðrir mættir:

Martha Lilja Olsen ritari háskólaráðs

Gestir:

Ólafur Halldórsson framkvæmdastjóri  
Úlfar Hauksson forstöðumaður fjármála  
Sigrún Magnúsdóttir gæðastjóri  
Elín Díanna Gunnarsdóttir starfandi forseti hug- og félagsvísindasviðs  
Lars Gunnar Lundsten forseti hug- og félagsvísindasviðs (í fæðingarorlofi)  
Sigfríður Halldórsdóttir staðgengill forseta heilbrigðisvísindasviðs  
Rannveig Björnsdóttir forseti viðskipta- og raunvísindasviðs  
Þóroddur Bjarnason formaður vísindaráðs (í síma)  
Þór Clausen ráðgjafi

---

Rektor kynnti dagskrá.

## **1. Stefna HA 2018-2023**

*1703017*

Þennan lið fundarins sátu framkvæmdastjórn HA, ásamt formanni Vísindaráðs og ráðgjafa í stefnumótunarvinnu.

Rektor bauð Þór Clausen ráðgjafa að hefja fundinn með kynningu á stefnumótunarvinnunni s.l. 18 mánuði. Þór hefur verið ráðgjafi háskólans í þessari vinnu og hefur unnið með öllum sviðum og deildum háskólaskrifstofu

að verkefnum. Upphaflega var ákveðið að gera ekki róttækar breytingar á núgildandi stefnu, heldur byggja á henni og bæta við þar sem þyrfti. Vinnan er mjög langt komin og komin drög að stefnu til næstu ára. Verkefnið heldur áfram inn á deildum og sviðum þar sem enn er eftir að skilgreina mælikvarða og töluleg markmið. Unnið var út frá þeirri forsenda að heimild fengist til doktorsnáms þar sem töf varð á niðurstöðu frá ráðherra.

Rektor tók við og fór yfir þýðingu nýrra laga um opinber fjármál en þar er kveðið á um að stofnanir ríkissins þurfi að fá stefnu sína samþykkt af ráðherra viðkomandi málaflokks út frá þeim fjárhagsramma sem stofnuninni er úthlutað. Því var lögð rík áhersla á það að drög að stefnu yrðu kynnt fyrir ráðherra og samþykki ráðherra fyrir heildarrammanum lægi fyrir áður en lengra væri haldið. Rektor átti fund með ráðherra þann 16. ágúst þar sem hann kynnti drög að nýrri stefnu HA. Ráðherra samþykkti heildarramman en óskaði eftir ítargögnum og gefur lokasvar fyrir heildarstefnuna, þar á meðal doktorsnámið, fyrir afmælishelgina í byrjun september.

Rektor dreifði niðurstöðu úttektarnefndar gæðaráðs háskólanna vegna umsóknar HA um heimild til doktorsnáms. Doktorsnámsumsóknin og samþykkt hennar er grundvöllur að þeirri stefnumótunarvinnu sem unnin hefur verið s.l. mánuði.

Í stuttu máli er niðurstaða nefndarinnar mjög jákvæð og á þá leið að í heild sinni sé HA hæfur og tilbúinn til að bjóða upp á doktorsnám. Af fimm sviðum sem HA sótti um doktorsgráðu fyrir, mat nefndin það svo að skólinn væri hæfur til að bjóða upp á doktorsnám í fjórum. Niðurstaða ráðherra liggur ekki fyrir.

HA þarf nú að skila athugasemdum og minnisblaði til ráðherra sem rökstyður álit HA um að ráðherra fallist á niðurstöðu nefndarinnar.

Rektor opnaði fyrir umræðu um skýrslu úttektarnefndarinnar og stöðu málsins. Mikil umræða skapaðist um skýrsluna, niðurstöðuna og meðferð ráðuneytis á málinu. Almenn ánægja með niðurstöðu skýrslunnar.

Hér er um mjög jákvæða niðurstöðu að ræða fyrir HA. Rektor hefur umboð háskólaráðs og framkvæmdastjórnar til að vinna minnisblað í samstarfi við gæðastjóra og foman vísindaráðs fyrir ráðuneytið og vinna málið áfram í samstarfi við ráðuneytið til að lenda jákvæðri niðurstöðu.

Sigrún, Elín Díanna, Lars Gunnar, Sigríður, Rannveig, Þóroddur og Þór yfirgefa fundinn.

## **2. Rekstraryfirlit**

Úlfar kynnti rekstraryfirlit fyrstu sex mánaða ársins. Reksturinn í heild er á áætlun.

### **3. Ársreikningur HA 2016**

Ólafur Halldórsson kynnti niðurstöðu ársreiknings 2016. Rekstur skólans var í jafnvægi (afgangur 2016 var rúmlega 3 milljónir) og hefur rekstri skólans verið skilað réttu megin s.l. 10 ár.

Ólafur og Úlfar yfirgefa fundinn.

### **4. Endowementsjóður við Háskólann á Akureyri**

*1708022*

Formaður góðvina HA, Brynhildur Pétursdóttir, fulltrúi í háskólaráði, kynnti hugmynd að grunnstyrktarsjóði fyrir Háskólann á Akureyri. Um er að ræða sjóð sem góðvinir stefna að því að koma á fót og halda utan um, ásamt því að safna stofnfé og styrkjum. Komin eru drög að skipulagsskrá sem verður lögð fyrir háskólaráð þegar hún er tilbúin. Háskólaráð fagnar þessu frumkvæði og styður að Góðvinir HA, í samstarfi við rektor, haldi áfram með málið.

### **5. Innritun á haustmisseri 2017**

*1708020*

Metfjöldi umsókna var um nám við HA s.l. vor og yfir 1000 nýnemar munu hefja nám við skólann á haustmisseri 2017. Heildarnemendafjöldi á haustmisseri mun því fara yfir 2000 nemendur.

Aðsókn að námsbrautum er mismunandi og hugsanlega þarf að skoða fjöldatakmarkanir inn í skólann. Mikilvægt er að skilgreina hver er æskilegur fjöldi nemenda á hverri námsbraut, út frá gæðum, starfsmannafjölda osfrv. Þegar hugað er að gæðum náms skiptir miklu að ekki séu of margir nemendur á hvern kennara.

Háskólaráð óskar eftir tillögum frá deildum skólans um hvað væri æskilegur nemendafjöldi á hverri námsbraut og hvaða leiðir viðkomandi deild sjái fyrir sér til að ná þeim nemendafjölda (hvar þarf t.d. að fjölga nemendum og hvar þarf fjöldatakmarkanir og tillögur að leiðum þar að lútandi).

Háskólaráð samþykkir innritun nemenda á haustmisseri með fyrirvara um að rektor muni skoða málið varðandi nemendur sem sækja um meistaranám í lögfræði (ML) þar sem um mjög fáa umsækjendur er að ræða.

### **6. Skýrsla starfshóps um sumarháskóla**

*1611077*

Lagt fram til kynningar. Verður rætt áfram n.k. vetur.

## **7. 30 ára afmæli HA**

*1603020*

Nú fer afmælisárinu senn að ljúka og framundan er aðalafmælishátíðin, sem dreifist á nokkra daga í september:

1. september er afmælishátíð starfsmanna.
3. september er formleg afmælishátíð og opið hús með ýmissi dagskrá og uppákomum.
4. september – hátíð starfsmanna og nemenda
5. september – afmælisdagurinn – hátíð skipulögð af nemendum.

Rektor kynnti viðburðina fyrir háskólaráði en nánari dagskrá fyrir hátíðina verður send á næstu dögum.

## **8. Skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs**

*1702035*

Végeirsstaðir hafa nú verið skráðir sem eign Végeirsstaðasjóðs (var áður skráð eign ríkissjóðs). Yfirráð HA yfir sjóðnum eru því nú tryggð þó svo að um alveg sjálfstæðan sjóð sé að ræða. Tilgangur sjóðsins er að styrkja starfsemi HA á Végeirsstöðum til hagsbóta fyrir nemendur og starfsfólk og skal veita fé úr sjóðnum til skógræktar, rannsóknar- og ráðsefnustarfsemi á Végeirsstöðum, uppbyggingar rannsóknastarfs á vegum HA og annarra verkefna sem sjóðsstjórn telur brýnust á hverjum tíma og tengjast starfsemi HA. Háskólaráð samþykkir skipulagsskrá Végeirsstaðasjóðs sem samþykkt hefur verið af stjórn sjóðsins.

## **9. Heiðursdoktorsnafnbætur**

*1708001*

Lögð fram tillaga frá heilbrigðisvísindasviði um veitingu heiðursdoktorsnafnbótar í tilefni af 30 ára afmæli háskólans. Tillagan er samþykkt og háskólaráð felur nefnd háskólaráðs um veitingu heiðursdoktorsnafnbóta að fjalla um tillöguna og skila umsögn á grundvelli viðmiða að veitingu doktorsnafnbótar í heiðursskyni við Háskólann á Akureyri.

Berglind yfirgefur fundinn kl. 16:08.

## **10. Northern Research Forum – NRF**

*1707012*

Fyrir liggur tillaga um að Háskólinn á Akureyri taki yfir NRF og til verði regnhlíf fyrir verkefni og rannsóknir innan HA á sviði norðurslóða.

Skipuð verði sjö manna stjórn yfir verkefnið: forsetar fræðasviða, fulltrúi rektors, 2 alþjóðlegir og 1 ytri aðili.

Hálf staða innan RHA hefur verið nýtt í NRF undanfarin ár og verður það áfram. Ekki fylgja neinar aukafjárhagslegar skuldbindingar.

Háskólaráð samþykkir framlagða tillögu.

## **11. Erlend samskipti**

- **Samstarf við Tækniháskólann í Murmansk**  
Áhugi er á samstarfi. Rektor hefur boðið rektor Tækniháskólans í Murmansk í heimsókn til að skoða betur hvort flötur sé á samstarfi og áframhaldandi viðræðum.
- **Kínaferð rektors.** Shanghai Ocean University heimsækir HA í nóvember í framhaldi af heimsókn rektors til Kína s.l. vor. Mikill áhugi er á samstarfi, t.d. nemendaskiptum.
- **UArctic Rector's forum.** Rektor mun sækja rektorsfund UArctic 23-27. ágúst og halda þar erindi.

## **12. Önnur mál**

- **Fundaráætlun 2017-2018**  
Fundaráætlun vetrarins lögð fram.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:18.